

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 23.04.2012

16. fundur 23. apríl 2012 kl 10:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Margrét Hólm Valsdóttir, form.

Karl E. Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Hitaveita. Heimtaug í Hraunberg/Hraunborg

V20120401

Heimtaugin er léleg og þarfnast endurnýjunar. Nefnd heimtaug þjónar líka tveimur sumarþústöðum og þremur gistiheimilum en það var ekki gert ráð fyrir því að talið er í upphafi. Þetta þarf að ræða og þá stækkun á henni auk þess sem leggja þyrfti lög fyrir slökkvivatn í sama skurð þó svo að hún verði ekki tengd strax. Lárus Björnsson starfsmaður hreppsins kom á fundinn og fór yfir þetta mál.

Umsjónarmaður hitaveitu gerði grein fyrir því að full þörf væri á endurnýjun á hitaveitulögnum í Vogum. Skipulags- og umhverfisnefnd mælir ekki með að ráðist verði í framkvæmdir við endurnýjun á hitaveitulögnum fyrr en náðst hafa samningar um uppgjör eldri mála sem tengjast hitaveitunni. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hlutaðeigandi landeigendum verði gerð grein fyrir stöðu málsins.

2. Grímsstaðir 4, Mývatnssveit

S20120404

Erindi dagsett 20. mars 2012 frá Brynjólfi Steingrímssyni f.h. Þorgerðar Egilsdóttur kt. 031227-3219, Grímsstöðum 4, Mývatnssveit þar sem sótt er um heimild til að afmarka 0,5 ha lóð í landi Grímsstaða 4 fyrir frístundahús. Meðfylgjandi er lóðarleigusamningur, loftmynd sem sýnir afmörkun lóðar og frumdrög að frístundahúsi dags 2. október 2011 eftir Brynjólf Steingrímsson.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að skv. gildandi aðalskipulagi Skútustaðhrepps er ekki heimilt að leyfa einstakar byggingar frístundahúsa nema gert sé ráð fyrir þeim í aðalskipulagi. Í drögum að nýju aðalskipulagi sem nú er í vinnslu og mun að öllu forfallalausum taka gildi fyrir lok þessa árs er hins vegar heimilt að byggja allt að 3 frístundahúsum á bújörðum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Skipulags- og umhverfisnefnd getur því ekki að svo stöddu samþykkt erindið en mun taka það fyrir að nýju þegar nýtt aðalskipulag hefur verið samþykkt. Þá vill nefndin benda á að skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár nr.97/2004 þarf heimild frá Umhverfisstofnun fyrir öllum framkvæmdum innan verndarsvæðisins.

3. Reykjahlíð. Umsókn um stöðuleyfi fyrir torgsöluhús

S20120401

Erindi dagsett 17. apríl 2012 frá Eyrúnu Björnsdóttur f.h. Direkt ehf – Hike&Bike, kt.700310-0190 þar sem hún óskar eftir endurnýjun á stöðuleyfi fyrir torgsöluhús það er hýst hefur Mývatnsmarkað í rúm 20 ár. Húsið stendur í landi Reykjahlíðar, á svonefndum “þríhyrningi”, suðvestan við “Gamla bæinn” í Reykjahlíð. Stærð lóðar er í dag 15 metrar á breidd og 15 metrar á lengd. Gerður hefur verið samningur við landeigendur Reykjahlíðar til næstu 3 ára, sjá meðfylgjandi gögn

(Eyrún Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa máls)

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt þar sem deiliskipulag svæðisins er í vinnslu og ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi að svo stöddu.

4. Stöðuleyfi

S20120402

Skipulagsfulltrúi leggur fram lista yfir stöðuleyfi sem veitt hafa verið frá árinu 2006

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að grípa til viðeigandi ráðstafana í þeim tilfellum þar sem stöðuleyfi eru útrunnin skv. umræðum á fundinum. Nefndin felur skipulagsfulltrúa í samstarfi við byggingarfulltrúa að kanna almenna stöðu byggingarleyfisskyldra mannvirkja í sveitarfélaginu og leggja fyrir nefndina.

5. Litlaströnd. Breyting á skógræktarskipulagi

S20120403

Erindi frá Brynjari Skúlasyni Norðurlandsskógum þar sem hann óskar eftir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á því hvort breyting á skógræktarskipulagi samræmist skipulagi sveitarfélagsins og óskar eftir athugasemdum, ef einhverjar eru, á þessari tillögu að breytingu.

Meðfylgjandi er kort sem sýnir tillögu að breyttu samningssvæði um skógrækt í Litluströnd. Samningurinn er milli Birgis Steingrímssonar og Norðurlandsskóga. Breytingin sem um ræðir er að fella út hluta svæðis í mólendinu vestan við veg og taka í staðinn mela sem liggja nær bænum norðan við afleggjarann heim að Litluströnd. Þess má geta að skógrækt á melunum hefur gengið afar vel í Litluströnd og mun betri lifun þar en í mólendinu og engin ástæða til að efast um að skógræktin mun skila árangri. Auk þess geta móarnir nýst til túnræktar og því er þessi breyting heppileg því melarnir munu ekki nýtast til túnræktar.

(Birgir Steingrímsson og Margrét Hólm viku af fundi við afgreiðslu þessa máls)

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við þessar hugmyndir en leggur áherslu á að farið verði eftir þeim reglum sem drög að aðalskipulagi Skútustaðahrepps kveða á um.

6. Önnur mál

6.1 Drög að reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sveitarstjórn fjallaði um fyrri drög á fundi sínum 25. ágúst 2011 og gerði verulegar athugasemdir við þau. Nefndin hefur fengið í hendur á óformlegan hátt nýrri drög frá apríl 2012 og gerir alvarlegar athugasemdir við að hafa ekki fengið þau til formlegrar umsagnar. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að óskað verði eftir því við ráðuneytið að sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit fái að hafa aðkomu og samráð við reglugerðarsmiðina og veittur verði nægjanlegur frestur til að ljúka þessari vinnu.

6.2 Byggingar- og skipulagsleyfi

Nefndin óskar eftir því við skipulagsfulltrúa að hann vinni leiðbeinandi upplýsingar um útgáfu skipulags- og byggingarleyfa fyrir íbúa sveitarfélagsins.

6.3 Árlegur hreinsunardagur sveitarfélagsins.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að árlegum hreinsunardegi verði flýtt og verði eins snemma að vori og veðurfar leyfir, helst fyrir 20. maí.

6.4 Ásýnd og frágangur ruslagáma í Skútustaðahreppi

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að frágangur sorpgáma verði bættur og í því sambandi má benda á fyrirkomulag sorpgáma á Akureyri sem nefndin telur vera til fyrirmyndar og eftirbreytni.

6.5 Ónýtar girðingar

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að kanna möguleika á styrkveitingum til þeirra aðila sem þurfa að viðhalda gömlum og úr sér gengnum girðingum.

Fundi slitið